

GERÐ FRÆÐSLUEFNIS FYRIR SJÚKLINGA OG AÐSTANDENDUR

Gátlisti höfunda

	Staðfest	Á ekki við
Áður en hafist er handa		
Kannað hefur verið að sambærilegt efni sé hvorki til í gæðahandbók Landspítala né á www.heilsuvera.is		
Samþykki stjórnenda eða gæðastjóra starfseiningarinnar liggur fyrir?		
Skoðað hefur verið hvaða miðill hentar best fyrir fræðsluefnið, t.d. ritað mál, vefur, myndband, hljóðband, tölvuleikur?		
Kröfur um innihald og útlit		
Er titill skýr og lýsandi fyrir innihaldið?		
Kemur fram fyrir hvaða markhóp fræðsluefnið er?		
Koma aðalatriði og tilgangur fræðsluefnis fram í inngangi?		
Miðast efnið við þarfir sjúklinga/aðstandenda, þ.e. markhópin sem efnið er ætlað?		
Er efnisráður skýr og efni raðað upp á rökréttan hátt, t.d. í tímaröð eða flokkum?		
Er skjalið meira en 15 blaðsíður og gæti efnisyfirlit hjálpað?		
Er útskriftarfræðsla í sérstökum kafla sem byrjar á nýrri blaðsíðu?		
Kemur fram hvaða einkennum þarf að vera vakandi fyrir eftir útskrift?		
Kemur fram hvert á að leita ef eitthvað kemur upp á?		
Hefur fræðsluefnið verið borið undir sjúklinga/aðstandendur eða unnið með samtökum sjúklinga eða aðstandenda?		
Eru einhverjar vefsíður (erlendar eða íslenskar) sem ætti að vísa til í efninu? Ef svo er hafa gæði þeirra verið metin eftir CUE matstækinu fyrir vefsíður?		
Myndefni		
Eru skýringarmyndir styðjandi fyrir skilning á innihaldi? Myndir almenns eðlis eiga ekki við.		
Er heimild fyrir notkun mynda og eru gæðin viðunandi? Nota má myndir frá t.d. Shutterstock.com, myndaveitu Landspítala, fagljósmyndara, fagteiknara.		
Eru myndir og töflur merktar þannig að þær geti staðið sjálfstætt?		
Málfar		
Eru notuð íslensk orð sem eru til yfir hugtök?		
Er textinn aðgengilegur fyrir 12 ára barn og er tekið mið af þörfum fólks með fjölbreyttar þarfir t.d. lesferðleika, sjóndepurð, erlendan uppruna og seinfærni?		
Eru einhver orð ofnotuð þannig að textinn verður staglkenndur, t.d. einstaklingur, sjúklingur, viðkomandi, skjólstæðingur?		
Er tónninn í fræðsluefninu leiðbeinandi og virkur án þess að vera óþarflega skipandi? Dæmi: „Sjúklingar eru hvattir til að gera teygjuæfingar“ frekar en „Gerðu teygjuæfingar“ eða „Þú skalt mæta undirbúinn“.		
Eru notaðar skammstafanir sem geta ruglað?		
Eru notuð lyfjaheiti sem geta takmarkað notagildi efnisins?		
Eru nauðsynleg fræðiheiti þýdd eða útskýrð á einfaldan hátt? Er gagnlegt að hafa erlent fræðiheiti í sviga til glöggvunar?		
Fyrir útgáfu		
Hefur efnið verið lesið yfir hjá Miðstöð um sjúklingafræðslu?		
Hafa gæðastjóri og stjórnendur samþykkt fræðsluefnið og vistað í gæðahandbók?		
Liggur fyrir hvernig staðið verður að kynningu og dreifingu eða miðlun?		
Tengist efnið innihaldi annarra gæðaskjala og hafa þau þá verið uppfærð samhliða?		
Eru heimildar skráðar í gæðahandbók ef við á? Heimildir og nöfn höfunda eru ekki skráð í fræðsluefni.		